

Tilmæli til viðurkenndra úttektaraðila

Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum

Á grunni samstarfssamnings Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins, NASDAQ OMX Íslands og Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti hefur verið unnið matsferli sem notað skal við úttekt á stjórnarháttum fyrirtækja. Aðeins þeim aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins er heimilt að annast þann hluta matsins er varðar söfnun gagna. Miðstöðin mun ekki veita viðtöku úttektum framkvæmdum af öðrum aðilum.

Til þess að öðlast og viðhalda viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvarinnar þurfa slíkir aðilar að:

- Geta sýnt Rannsóknarmiðstöðinni fram á reynslu og þekkingu á sviði stjórnarháttanna fyrirtækja, einkum á Íslandi, áður en tekið er til starfa.
- Haga störfum sínum af heilindum og gæta fyllsta trúnaðar gagnvart félaginu.
- Upplýsa um hagsmunaárekstra, t.a.m. ef sama fyrirtæki annast endurskoðun félagsins, og hvernig brugðist er við þeim.
- Falla frá því að annast úttekt fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga annist úttektaraðili jafnframt endurskoðun þeirra
- Vinna í samræmi við matsferli Rannsóknarmiðstöðvarinnar
- Skila af sér skýrslu til félagsins með niðurstöðum sínum, sem jafnframt er skilað til Rannsóknarmiðstöðvarinnar.

Ef Rannsóknarmiðstöðin telur úttektaraðila ekki vera hæfa til verksins getur hún afturkallað heimild þeirra til að koma að matsferlinu.

Ætlast er til að stjórnnum sé eftirlátið að svara spurningu ferlisins um hvert sé hlutverk þeirra
- Svör stjórnarinnar geta haft áhrif á þróun matsferlisins, ásamt stærð fyrirtækjanna og „þroskastig“

Leiðbeiningar VÍ, SA og NASDAQ OMX skulu liggja til grundvallar matsins
- Sé tilteknu þáttum þeirra ekki fylgt skal skýra frá ástæðum þess og greina hvort gripið hafi verið til annarra ráðstafana og þá hverra

Í tilviki stærri fyrirtækja er æskilegt að viðurkenndum úttektaraðilum sé falin umsjón með ferlinu.
- Mun líklegra að þær aðstæður komi upp innan þeirra sem kalla á nauðsyn formfastra vinnubragða

Við framkvæmd matsins þurfa viðurkenndir úttektaraðilar að afla fjöldi gagna
- T.a.m. fundargerðir, stefnur sem félagið hefur sett sér, starfsreglur stjórnar og ársreikninga